

11.06.2025 (#3 2025-2026) kl. 9:30

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Jón Axelsson, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Hörður Sigurðarsson, Elíabet Einarsdóttir, Katrín Pálsdóttir**, og **Ragnar Fjalar Sævarsson** sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: **Sigríður Hallgrímsdóttir**

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundsins
2. Verkefnalisti
3. Fjárhagsstaða
4. ÍSÍ þing samantekt
5. Istanbul keppni
6. Keppnir sumarsins og unglingaþríbraut
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Verkefnalisti

Rætt um mögulega styrktaraðila og hvernig ÞRÍ getur nálgast þá.

Þá var rætt um hvernig ÞRÍ getur stutt við útbreiðslustarf félaganna en félögin fengu 100.000 kr styrk fyrr á þessu ári og rætt var um hvort ÞRÍ gæti komið að gerð markaðsefnis.

3. Fjárhagsstaða

Fjárhagsstaðan hefur ekki breyst mikið á milli funda en Geir er byrjaður að setja Rósfríð inn í starf gjaldkera. Geir ætlar að fara betur yfir fjármálin á næsta fundi.

4. ÍSí þing og kosningar

Þessum lið var frestað til næsta fundar þar sem Sirrý var fjarverandi en hún var fulltrúi stjórnar ÞRÍ báða dagana.

5. Istanbul keppni

Europe Triathlon er í Istanbul í lok ágúst og ÞRÍ stefnir á að senda keppendur þangað. Guðlaug Edda gæti mögulega verið einn þessara keppenda. Spurningin er hvort ÞRÍ taki að sér að sjá um að skipuleggja og Elísabet bauðst til að kanna áhuga og taka að sér skipulagningu ef einhver áhugi væri til staðar. Það kom fram á fundinum að ástandið í Tyrklandi væri óstöðugt.

World Triathlon er í Ástralíu og það er líklega of langt til að einhver sé tilbúin til að taka þátt.

6. Keppnir sumarsins og unglingaþríþraut

Geir fór yfir keppnir sumarsins. Næsta keppni er ólympísk þríþraut á Laugarvatni. Það stefnir í fína þátttöku þar. Stjórnarfolk velti fyrir sér hvort öflugt starf Ægis á samfélagsmiðlum spilaði hlutverk þar. Fyrstu tvær keppnirnar gengu mjög vel en Geir hefði viljað sjá fleiri keppendur. Þó voru fleiri keppendur en í fyrra.

10. Önnur mál

Jón hóf umræðu um hvort að ÞRÍ gæti átt grunn innviði eins og tjöld og grindur sem gætu jafnvel verið styrkt af einhverju fyrirtæki.

Geir stakk upp á því að hafa krakkaþraut í Reykjavík eða Kópavogi. Elísabet stakk upp á því að hafa þraut í Laugardalnum.

Fundi slitið kl.10:45

Næsti stjórnarfundur

11. júní 2025

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.